

Þriðjudaginn 6. apríl 1993.

Nr. 373/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Starra Hjartarsyni

(Ragnar H. Hall hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuleyfisvæðing. Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins. Krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru en því, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákæruefni í máli þessu, sem sett eru fram í fjórum töluliðum, eru rakin skilmerkilega í hinum áfrýjaða dómi. Varða þau öll brot gegn umferðarlögum nr. 50/1987, og varð sakarefni samkvæmt 2. tölulið til þess, að ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða í júlí 1991. Í 4. tölulið er fjallað um atvik þess, er ákærði ók með ofshraða undan lögreglu 24. ágúst sama ár eftir þjóðvegum á svæðinu milli Húsavíkur og Akureyrar, og er hann þar einnig sakaður um brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Í héraðsdómi var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. þeirra laga vegna atlögu að lögreglumönnum við bæ í Bárðardal, þar sem eftirförinni lauk. Krefst ákærvaldið staðfestingar á úrlausn héraðsdóms um þennan ákærulið eins og aðra þætti ákærunnar, en ákærði telur sig sýknan af broti gegn almennum hegningarlögum. Varðandi sakarefni í 2. tölulið ákæru mótmælir ákærði því, að ökuhraði bifreiðar sinnar hafi verið slíkur, að efni væru til sviptingar ökuleyfis.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota til refsíákvæða varðandi alla þætti ákærunnar.

Það atferli ákærða, sem um ræðir í 4. tölulið ákæru, var stórkostlega glæfralegt og fól í sér margþætt brot gegn ákvæðum umferðarlaga ásamt skýlausu broti gegn fyrrnefndu ákvæði

almennra hegningarlaga. Rétt er að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sekt á hendur ákærða, en önnur refsing hans telst hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði. Með hliðsjón af sakavottorði ákærða og því, að hann hefur ekki áður unnið til refsivistar, þykir þó mega fallast á það með héraðsdómara, að refsivistin verði skilorðsbundin í tvö ár.

Staðfesta ber ákvæði dómsins um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Starri Hjartarson, sæti fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður eftir tvö ár frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 75.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Húsavíkur 30. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. júní sl., er höfðað með ákæruskjali ríkis-saksóknara, út gefnu 8. nóvember 1991, „á hendur Starra Hjartarsyni, Hjarðarhóli 20, Húsavík, fæddum 7. september 1963, fæðingarnúmer 531, fyrir að aka eftirtöldum ökutækjum svo sem hér greinir:

1) Fimmtudaginn 2. ágúst 1990 bifreiðinni IK-185 suður Norðausturveg í Suður-Þingeyjarsýslu með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli skammt norðan Húsavíkur.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2) Fimmtudaginn 4. júlí 1991 bifreiðinni Y-9890 suður sama veg með allt að 156 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á móts við bæinn Knútsstaði í Aðaldal.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

3) Miðvikudaginn 17. júní 1991, sviptur ökuréttindum, vörulyftara í eigu Skipaafgreiðslu Húsavíkur hf. um götur á Húsavík að versluninni Búrfelli við Garðarsbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr. 55. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

4) Að kvöldi laugardagsins 24. ágúst 1991, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Y-9890 frá Húsavík áleiðis inn í Fnjóskadal, sinna ekki stöðvunarkerkjum lögreglu á móts við bæinn Birningsstaði í Ljósavatnsskarði, heldur aka á undan henni vestur að Fnjóská með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukkustund og síðan norður Vaðlaheiðarveg og uppi á heiðinni óvarlega fram hjá tveimur lögreglumönnum, sem reyndu að stöðva för ákærða með því að leggja lögreglubifreiðinni KS-685 þvert á veginn, og síðan norður Svalbarðsströnd með 110-140 kílómetra hraða miðað við klukkustund, en töluverð umferð var þá á þessari leið, og aka margsinns í veg fyrir lögreglubifreiðina TK-668, er lögreglan reyndi að aka fram úr ákærða, og aka bifreiðinni langt yfir leyfilegum hámarkshraða austur Ljósavatnsskarð að Skjálfandafljóti og suður Bárðardal, en töluverð umferð búvéla var þá á veginum vegna fjárflutninga, og að bænum Bólstað og fyrir að stofna í hættu lífi eða heilsu lögreglumannanna Hreiðars Hreiðarssonar og Stefáns Hallgrímssonar við útihús við bæinn með því að aka bifreiðinni að þeim, svo að þeir urðu að hlaupa undan, og aka bifreiðinni svo á lögreglubifreiðina UG-792, sem hafði verið lagt í bæjarhlíðið, svo að hún kastaðist ofan í skurð, en ákærði ók svo bifreiðinni nokkurn spöl norður Bárðardal og hætti þar akstrinum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 168. gr., til vara við 2. mgr. sömu gr., og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

II.

Málavextir.

1. töluliður ákæru.

Fimmtudaginn 2. ágúst 1990 mældi lögreglan í Reykjavík, vegalögreglu-deild, ökuhraða bifreiðarinnar IK-185 á Norðurausturvegi skammt norðan Húsavíkur. Samkvæmt ratsjá var ökuhraði bifreiðarinnar 110 kílómetrar

miðað við klukkustund, en hámarkshraði var leyfður 90 kílómetrar miðað við klukkustund. Við meðferð málsins fyrir dómi bar ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, að hann hefði ekki fylgst með ökuhraðamæli í greint sinn, og vefengdi ekki hraðamælingu lögreglu. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var ratsjártækið prófað fyrir og eftir hraðamælinguna. Með vísan til þessa svo og framburðar ákærða þykir nægjanlega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í þessum lið ákæru. Varðar háttsemi ákærða við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. töluliður ákæru.

Fimmtudaginn 4. júlí 1991 klukkan 15.35 mældu lögreglumenn á Húsavík með ratsjá ökuhraða bifreiðarinnar Y-9890 á móts við býlið Knútsstaði í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu. Ratsjain var í lögreglubifreiðinni UG-792, sem ekið var á móti bifreiðinni Y-9890, og mældist ökuhraði hennar 156 kílómetrar miðað við klukkustund. Ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, var færður á lögreglustöðina á Húsavík, en þar var hann sama dag sviptur ökuleyfi til bráðabirgða samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans á Húsavík.

Fyrir dómi andmælti ákærði sakargiftum og bar, að hann hefði ekið með 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund í röð annarra ökutækja. Enn fremur bar ákærði, að bifreið hefði ekið fyrir framan lögreglubifreiðina í greint sinn. Við meðferð málsins fyrir dómi var framburður lögreglumannanna Stefáns Hallgrímssonaar og Bjarna Höskuldssonar í meginatriðum samhljóða um málsatvik. Lögreglumennirnir kváðust fyrst hafa séð til bifreiðarinnar Y-9890 í afliðandi beygju, en að mati þeirra voru þá um 4-500 metrar á milli bifreiðanna. Samkvæmt vætti lögreglumannanna var ökuhraði bifreiðarinnar Y-9890 sýnilega mikill, og í samræmi við þá hraðatölu, sem fram kom á ratsjárskjánum, 156 kílómetrar miðað við klukkustund. Þeir kváðu enga aðra umferð hafa verið á vettvangi, og að mati þeirra voru akstursaðstæður að öðru leyti ágætar. Loks kváðust lögreglumennirnir hafa prófað ratsjártækið fyrir og eftir hraðamælinguna.

Þegar framangreint er virt, þykir þrátt fyrir neitun ákærða nægjanlega sannað með samhljóða framburði tveggja lögreglumanna, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í þessum lið ákæru. Varðar brot ákærða við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

3. töluliður ákæru.

Miðvikudaginn 17. júlí 1991 klukkan 16.10 veittu lögreglumenn á Húsavík því athygli, hvar ákærði var að aka á vörulyftara um götur í kaupstaðnum. Var akstur ákærða stöðvaður með vísan til þess, að hann hafði 4. júlí sama ár verið sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt sakargiftir. Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur rannsóknargögn, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í þessum ákærulið. Varðar háttsemi hans við 2. mgr. 55. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

4. töluliður ákæru.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu og framburði ákærða við meðferð málsins eru málavextir eftirfarandi:

Laugardaginn 24. ágúst 1991 klukkan 19.30 ók ákærði, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Y-9890 frá Húsavík áleiðis í Fnjóskadal. Í Ljósavatnsskarði, á mótis við býlið Birningstaði, mætti hann lögreglubifreið frá Húsavík, UG-792. Þrátt fyrir stöðvunarljós og eftirför lögreglu hélt ákærði ökuferðinni áfram og ók með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukkustund vestur yfir Fnjóská, en síðan norður yfir Vaðlaheiði. Að ósk Húsavíkurlögreglu fóru lögreglumenn frá Akureyri á lögreglubifreiðunum KS-685 og TK-668 til mótis við bifreið ákærða. Var lögreglubifreiðinni KS-685 lagt þvert á akbrautina á Vaðlaheiði, en þrátt fyrir það tókst ákærða að aka fram hjá með því að aka bifreiðinni Y-9890 út fyrir akbrautina.

Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa tekið þá ákvörðun að aka fram hjá lögreglubifreiðinni með framangreindum hætti, er hann sá lögreglumenn ganga í átt að bifreið sinni með kylfur á lofti. Kvaðst hann hafa ekið aftan við lögreglubifreiðina með um 10 kílómetra hraða miðað við klukkustund, en við það tækifæri kvað hann lögreglumann hafa stokkið frá bifreið sinni, er hún átti eftir 2-3 metra að honum. Ákærði andmælti því, að akstur sinn hefði verið óvarlegur, og vísaði til þess, að hann hefði verið viðbúinn því að stöðva bifreiðina, ef lögreglumaðurinn hefði ekki stokkið frá.

Eftir að ákærði hafði ekið fram hjá ofan nefndri hindrun lögreglu, ók hann bifreiðinni Y-9890 norður Svalbarðsstrandarveg, um Víkurskarð, austan Fnjóskadal og Ljósavatnsskarð og loks suður Bárðardal allt að býlinu Bólstað.

Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni með miklum ökuhraða framangreinda akstursleið. Hann kvaðst hafa mætt nokkrum ökutækjum á Svalbarðsströndinni, en enn fremur hindrað þar framúrakstur lögreglubifreiðar með því að aka í veg fyrir hana á akbrautinni. Þá kvaðst ákærði hafa ekið fram úr tveimur dráttarvélum í Bárðardal, en þar, að ökumenn þeirra hefðu vikið vel og hann ekið fram úr þeim með um 50-60 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

Er ákærði hafði ekið inn á landareign Bólstaðar í Bárðardal, var lögreglubifreiðinni UG-792 lagt í bæjarhliðið. Í framhaldi af því reyndu lögreglumennirnir Hreiðar Hreiðarsson og Stefán Þór Hallgrínsson án árangurs að nálgast bifreið ákærða fótgangandi. Að lokum reyndu lögreglumennirnir að ræða við ákærða, þar sem hann sat í bifreiðinni Y-9890,

nokkru fyrir aftan lögreglubifreiðina, en máttu forða sér á hlaupum, er ákærði ók í átt til þeirra.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa ekið á eftir lögreglumönnum í greint sinn, og að mati hans hlupu þeir eins og fætur toguðu fyrir framan bifreið hans. Áætlaði ákærði, að um 2½ metri hefði verið á milli bifreiðar sinnar og lögreglumanns þess, er nær var, er styst var á milli þeirra. Kvaðst ákærði hafa ekið á eftir lögreglumanninum, allt þar til hann stökk yfir girðingu norðan útihúsanna á Bólstað.

Ákærði andmælti því, að hann hefði með framangreindum akstri stofnað í hættu heilsu eða lífi lögreglumannanna. Vísaði ákærði til þess, að öll stjórntæki í bifreið sinni hefðu verið í lagi og hann haft fullt vald á bifreiðinni. Hann kvað tilgang sinn hafa verið að hræða lögreglumennina frá frekari afskiptum.

Skömmu eftir framangreindan atburð ók ákærði aftan á lögreglubifreiðina UG-792, þar sem hún var mannlaus í bæjarhliðinu á Bólstað, og ýtti henni ofan í skurð. Að því búnu hvarf ákærði af vettvangi og ók norður Bárðardal. Eftir nokkurra kílómetra akstur hætti ákærði frekari akstri, en hélt fótgangandi að Hótel Kiðagili í þeim tilgangi að gefa sig fram við lögreglu. Var ákærði þar handtekinn og færður á lögreglustöðina á Húsa-vík. Hann var án áfengisáhrifa í greint sinn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði lögreglumanna við meðferð málsins.

Vitnið Jón Sigtryggsson, háskólanemi og afleysingamaður í lögregluliði Akureyrar, kvaðst hafa lagt lögreglubifreiðinni KS-685 þvert á akbrautina á Vaðlaheiði með tendruð stöðvunarljós. Vitnið kvaðst og hafa fylgst með því, er ákærði hemlaði bifreiðinni Y-9890 nokkra tugi metra, uns hún staðnæmdist um 5-10 metra frá lögreglubifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa gengið í átt að bifreið ákærða, en hann þá bakkað henni nokkrar billengdir, en síðan ekið áfram með mikilli inngjöf. Vitnið kvaðst ekki hafa talið sig í hættu, er ákærði ók fram hjá, og kvaðst við það tækifæri hafa náð að brjóta hliðarrúðu í bifreið hans. Vitnið kvaðst síðan hafa fylgst með því, er ákærði ók aftan við lögreglubifreiðina, utan akbrautarinnar, með a. m. k. 40 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Vitnið kvað lögreglumanninn Arnar Hreinsson hafa verið í akstursleið ákærða, er þetta gerðist, en gat ekki borið um, hvort hann hefði verið í beinni hættu vegna aksturs ákærða.

Vitnið Arnar Hreinsson, afleysingamaður í lögregluliði Akureyrar, kvaðst hafa stokkið frá bifreið ákærða, er hann ók fram hjá lögreglubifreiðinni. Að mati vitnisins var þá lítill tími til stefnu og vísaði þar til ökuhraða ákærða. Framburður vitnisins var að öðru leyti í aðalatriðum samhljóða vætti Jóns Sigtryggssonar.

Lögreglumennirnir kváðust ekki hafa borið kylfur í greint sinn.

Vitnið Kjartan Helgason lögreglumaður kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni TK-668 á eftir bifreið ákærða norður Svalbarðsstrandarveg með um 135-140 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Vitnið kvað nokkra umferð ökutækja hafa verið á akbrautinni, en bar, að ákærði hefði ekið við hægri vegarbrún að því undanskildu, er hann ók fram úr ökutækjum, er höfðu sömu akstursstefnu. Vitnið kvaðst hafa leitað færís að aka fram fyrir bifreið ákærða, en hætt slíkum tilraunum, er ákærði sveigði bifreiðinni Y-9890 margsinnis í veg fyrir lögreglubifreiðina. Vitnið kvaðst þá hafa ekið með 100-120 kílómetra hraða miðað við klukkustund, og að mati þess olli aksturslag ákærða mikilli hættu.

Vitnið Jón Jakobsson, afleysingamaður í lögregluliði Akureyrar, kvaðst hafa fylgst með akstri ákærða úr farþegasæti lögreglubifreiðarinnar TK-668. Vitnið kvað ákærða hafa verið veitt eftirför frá býlinu Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd og austur yfir Víkurskarð með allt að 150 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Vitnið kvað lögreglubifreiðina hafa mætt u. þ. b. tíu ökutækjum á greindri leið svo og ekið fram úr tveimur ökutækjum. Vitnið kvað ákærða aðallega hafa ekið við hægri vegarbrún, en sveigt bifreiðinni Y-9890 til vinstri í veg fyrir lögreglubifreiðina, er reynt var að aka fram fyrir bifreið hans.

Svo sem áður var rakið, höfðu lögreglumenn frá Húsavík, þeir Hreiðar Hreiðarsson og Stefán Þór Hallgrímsson, fyrst afskipti af ákærða í Ljósavatnsskarði að kveldi 24. ágúst. Fyrir dómi var framburður lögreglumannanna í meginatriðum samhljóða. Þannig kváðust þeir hafa ekið lögreglubifreiðinni UG-792 með hljóð- og ljósmerkjum og með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukkustund á eftir ákærða um Ljósavatnsskarð og Fnjóskadal, en báru, að ökuhraði ákærða yfir Vaðlaheiði hefði ekki verið ýkjamikill. Þá kváðust lögreglumennirnir hafa fylgst með því, er ákærði ók fram hjá lögreglubifreiðinni KS-685, svo og, er lögreglumaður stókk frá bifreið hans, en gátu ekki sagt til um, hvort lögreglumanninum hefði stafað bein hættu af akstri ákærða. Í framhaldi af því kváðust lögreglumennirnir hafa ekið á eftir ákærða norður Svalbarðsstrandarveg með um 130 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Þeir kváðu nokkra umferð ökutækja hafa verið á akbrautinni, en báru, að ökumenn þeirra hefðu vikið vel fyrir bifreið ákærða. Enn fremur kváðust þeir hafa fylgst með því, er ákærði ók í tví- eða þrígang í veg fyrir lögreglubifreiðina TK-668, er ökumaður hennar gerði tilraunir til að aka fram úr bifreið hans.

Er lögreglan á Akureyri hætti afskiptum af ákærða, kváðust lögreglumennirnir hafa dregið úr ökuhraða og ekið með um 120 kílómetra hraða miðað við klukkustund og jafnframt lengt bilið á milli ökutækjanna. Í Bárðardal kváðust þeir hafa fylgst með því, er ákærði ók fram úr a. m. k.

tveimur dráttarvélum. Þeir kváðu ökumenn vinnuvélanna hafa hliðrað vel til fyrir bifreið ákærða.

Eftir að ákærði hafði ekið inn á landareign Bólstaðar í Bárðardal, kváðust lögreglumennirnir hafa fylgt bifreið hans eftir fótgangandi í því skyni að reyna að fá hann til að hætta frekari akstri. Kváðust lögreglumennirnir m. a. hafa reynt að ná tali af ákærða, þar sem hann sat í bifreiðinni Y-9890 skammt austan útihúsanna, fyrir aftan lögreglubifreiðina. Nánar lýstu vitnin málsatvikum svo fyrir dómi:

Hreiðar Hreiðarsson kvaðst hafa verið í u. þ. b. fimm metra fjarlægð frá bifreiðinni Y-9890, er ákærði bakkaði henni skyndilega nokkurn spöl. Hann kvað bifreiðina síðan hafa spólað í átt til sín, og kvaðst hann þá hafa hlaupið, eins og fætur toguðu, vestur með útihúsunum. Á undanhaldiinu kvaðst hann hafa skynjað bifreið ákærða fast á eftir sér og óttast, að ákærði myndi aka á sig. Hann kvaðst hafa komist í skjól á milli súrheysturns og bílskúrs, en gat ekki greint frá því, hvernig félagi hans komst undan bifreiðinni.

Stefán Þór Hallgrímsson kvaðst hafa verið nokkrum metrum vestar á heimreiðinni en starfsfélagi sinn, er ákærði hóf að elta þá á bifreiðinni Y-9890. Hann kvaðst hafa hlaupið, eins og fætur toguðu, vestur með útihúsunum og að lokum stokkið þar yfir girðingu. Hann kvaðst hafa óttast, að ákærði ætlaði að aka á þá féлага, enda heyrt, að bifreiðinni var ekið með mikilli inngjöf á eftir þeim. Hann kvaðst ekki hafa litið aftur fyrir sig á flóttanum og gat því ekki lýst akstri ákærða frekar. Hins vegar kvaðst hann hafa séð það síðar, að skriðför eftir bifreið ákærða voru í um eins metra fjarlægð frá girðingu þeirri, er hann stökk yfir í greint sinn.

Ofan nefndir lögreglumenn gerðu frumskýrslu um málið, og lögreglumaðurinn Ríkharður Ríkharðsson annaðist gerð vettvangsteikninga og tók ljósmyndir á býlinu Bólstað í Bárðardal. Lögreglumennirnir komu fyrir dóm og staðfestu verk sín.

Framburður annarra vitna.

Vitnið Höskuldur Héðinsson bóndi kvaðst hafa fylgst með því, er lögreglumaður hljóp um 10-15 metra vegalengd fyrir framan bifreið ákærða á bæjarhlaðinu á Bólstað. Að mati vitnisins var akstur ákærða ógnandi í garð lögreglumannsins, frekar en að um hafi verið að ræða beinan hættuakstur. Vitnið kvaðst hafa misst sjónar á bifreið ákærða, er henni var ekið vestur fyrir útihúsin á eftir lögreglumanninum.

Vitnið Jóhann Thorarensen stálsmiður kvaðst hafa fylgst með atvikum máls frá íbúðarhúsinu á Bólstað, þ. á m., er lögreglumaður gekk að bifreið ákærða, þar sem hún var á heimreiðinni fyrir aftan lögreglubifreiðina. Vitnið kvað ákærða skyndilega hafa bakkað bifreiðinni Y-9890 þannig, að

lögreglumaðurinn varð allnokkrum metrum fyrir framan bifreið hans. Þá kvaðst vitnið hafa séð, hvar bifreiðin spólaði áfram í átt að lögreglumanninum. Vitnið kvað lögreglumanninn hafa hlaupið vestur af heimreiðinni og upp með útihúsunum. Að mati vitnisins dró saman með bifreið ákærða og lögreglumanninum við eftirförina, og ætlaði vitnið, að innan við fimm metrar hafi verið á milli þeirra, er þeir hurfu honum sjónum. Að mati vitnisins hljóp lögreglumaðurinn á undan bifreiðinni eins hratt og hann framast komst.

Vitnið Atli Freyr Ólafsson nemandi kvaðst hafa fylgst með atvikum máls frá íbúðarhúsinu á Bólstað, þ. á m., er lögreglumaður hóf afskipti af ákærða, þar sem hann sat í bifreiðinni Y-9890 nokkru fyrir norðan íbúðarhúsið. Vitnið kvaðst enn fremur hafa fylgst með því, er ákærði ók á eftir lögreglumanninum með stöðugt vaxandi ökuhraða um 10-12 metra vega-lengd. Vitnið kvaðst hafa misst sjónar á bifreið ákærða, er hún hvarf vestur fyrir útihúsin, en að mati vitnisins var bifreiðin þá „ískyggilega nærri lög-reglumanninum“.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við vætti lögreglumanna og önnur rannsóknargögn, er sannað, að ákærði ók bifreiðinni Y-9890, sviptur ökuréttindum, að kveldi 24. ágúst 1991 langt yfir lögsmætum hámarkshraða og án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu um þjóðvegi í Suður-Þingeyjarsýslu, svo sem rakið er í þessum lið ákæruskjals. Enn fremur þyk-ir nægjanlega sannað með vætti lögreglumanna, að ákærði ók óvarlega fram hjá lögreglubifreið og lögreglumanni á Vaðlaheiði, að hann hindraði með óvarlegum hætti a. m. k. í tvígang framúrakstur lögreglubifreiðar á Svalbarðsstrandarvegi, og loks, að hann ók á lögreglubifreiðina UG-792, þar sem hún var kyrrstæð í bæjarhliðinu á Bólstað í Bárðardal.

Með ofangreindri háttsemi þykir ákærði, eins og í ákæruskjali segir, hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þegar litið er til framburðar ákærða, er hefur nokkra stoð í framburði lögreglumanna, þess efnis, að ökumenn annarra ökutækja, þ. á m. í Bárðardal, hafi átt auðvelt með að hliðra til fyrir bifreið hans, þá þykir ekki fyllilega sannað, að svo hafi staðið á, að 1. mgr. og/eða 2. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um akstur hans í greint sinn.

Ákærða er og gefið að sök í ákæruskjali að hafa stofnað í hættu lífi eða heilsu lögreglumannanna Hreiðars Hreiðarssonar og Stefáns Hallgrímssonar við útihúsin á Bólstað með því að aka bifreiðinni að þeim, svo að þeir urðu að hlaupa undan.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni Y-9890 af heimreiðinni á eftir lögreglumönnunum vestur með útihúsunum og allt að girðingu vestan húsanna. Hann hefur og staðhæft, að lögreglumennirnir hafi hlaupið, eins og fætur toguðu, og áætlað, að bifreið sín hafi verið um 2½ metra á eftir lögreglumönnunum, er styst var. Er framangreind lýsing í samræmi við vætti lögreglumannanna, vettvangsathugun lögreglu svo og vætti vitnanna Jóhanns Thorarensen og Atla Freys Ólafssonar og að nokkru vitnisins Höskulds Héðinssonar.

Samkvæmt vettvangsteikningu lögreglu eru rúmlega 30 metrar frá heimreiðinni á Bólstað og að girðingunni vestan útihúsanna.

Þegar framangreint er virt, er það mat dómsins, að ákærði hafi með ofangreindum akstri stofnað heilsu og jafnvel lífi lögreglumannanna í augljósa hættu, og varðar brot ákærða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Að mati dómsins er ákærði sakhæfur. Hann hefur samkvæmt saka-vottorði sætt refsingum sem hér segir:

Ákærufrestun, skb. tvö ár, frá 8.12.1980, f. brot g. 244., sbr. 20. gr. alm. hgl.

1983 16/6 Þingeyjars., Húsavík. Sátt: 1.860 kr. sekt f. brot g. 4., 5., 27., 49. og 50. gr. umfl. og 21. gr. áfl.

1983 21/11 Þingeyjars., Húsavík. Sátt: 160 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

Ákærði hefur með framangreindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 45 daga varðhald og 75.000 króna sekt til ríkissjóðs. Eftir atvikum þykir fært að fresta fullnustu varðhaldsrefsingar ákærða, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði sektargreiðsluna innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti hann varðhaldi 25 daga.

Taka ber til greina kröfu ákærvalds um sviptingu ökuréttinda, sbr. 101. gr. umferðarlaga. Að mati dómsins þykir akstur ákærða á þjóðvegum í Þingeyjarsýslu svo og á býlinu Bólstað hafa verið mjög vítaverður. Þykir hæfilegt að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 18 mánuði frá dómsbirtingu að telja. Samkvæmt 103. gr. umferðarlaga ber að ákveða, að áfrýjun fresti eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Með ákvörðun lögreglustjórans á Húsavík var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða í 126 daga, frá 4. júlí til 6. nóvember 1991, og ber sam-

kvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga að draga þann dagafjölda frá sviptingartímanum.

Loks ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Pálssonar héraðsdómslögmanns, 65.000 krónur, auk virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Starri Hjartarson, sæti varðhaldi 45 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður eftir tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði til ríkissjóðs 75.000 króna sekt, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dómsins. Frá sviptingartímanum dragast 126 dagar. Áfrýjun frestar eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, til skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar héraðsdómslögmanns, 65.000 kr, auk virðisaukaskatts.